

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, Neðra-Sel.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir nýju íbúðarsvæði ásamt beutilandi, á um 40 ha svæði í landi Neðra-Sels, á svæði sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Gert er ráð fyrir fjórum lóðum og að á hverri þeirra verði hægt að byggja íbúðarhús, gripahús og geymslu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 13. janúar 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*